

Nd.

166. Frumvarp til laga

[81. mál]

um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist f. h. ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 2.—4. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum í janúar og febrúarmánuði 1950 75 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðum með haus.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorskflökum framleiddum á tímabili því, er um ræðir í 1. gr., náí kr. 1.53 hvert enskt pund fob. og samsvarandi verði á öðrum fisktegundum. Ákveða má með reglugerð, að greiða megí úr dýrtíðarsjóði hluta af geymslukostnaði þessa fíks.

Ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt 1. mgr. skal einungis taka til fíks, er seldur verður til landa, er ríkisstjórnin ákveður með hliðsjón af markaðshorfum á hverjum tíma.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútílytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð fíks þess, er um ræðir í 1. gr., verði kr. 2.52 fyrir kg fob., miðað við fullsaltaðan stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera samsvarandi. Sambærilegt verð skal ábyrgzt fyrir hertan fisk útílyttan. Ákveða skal með reglugerð, að greiða megí úr dýrtíðarsjóði rýrnun á saltfíski þessum, enda eigi útílytjandi ekki sök á drættinum. Geymsla saltfíks er að öðru leyti á ábyrgð útílytjanda.

4. gr.

Til þess að tryggja 75 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útílytningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talið er í 2. og 3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkuð á fiski, eftir því sem markaðshorfur segja til.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 1 milljón króna til þess að lækka kostnað við framíeíðslu sjávarafurða í janúar og febrúarmánuði 1950.

6. gr.

Við samninga um sölu íslenzkra afurða erlendis skal þess gætt, að sem bezt heildarverð fáist fyrir þær, og er ríkisstjórninni heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum, til þess að því verði náð.

Nú seljast afurðir, sem ábyrgð er tekin á, hærri verði en ábyrgðarverði, og rennur þá sá hluti andvirðis, sem umfram er, í dýrtíðarsjóð, unz ríkissjóður er skaðlaus orðinn af ábyrgð á fiskafurðum samkvæmt þessum lögum.

7. gr.

Auglýsa skal, svo fljótt sem unnt er, lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 75 auna verð, sbr. 1. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera samsvarandi. Leita skal tillagna Landssambands íslenzkra útvegsmanna um verðlagninguna.

8. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þessara laga, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarsjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksverð, sem ákveðið er samkvæmt 1. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum samkvæmt lögum þessum.

Ríkisstjórnin getur krafist þess, að útvegsmenn, eigendur hraðfrystihúsa og þeir, er saltfisk verka, láti henni í té rekstrarreikninga um starfsemi sína.

9. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða verð á beitu. Getur hún bundið niðurfærslu á verði á beitu því skilyrði, að útvegsmenn geri þær ráðstafanir, er ríkisstjórnin telur heppilegar til að spara útgjöld við beitu.

Nú gerir meiri hluti útvegsmanna í tiltekinni verstöð á fundi, er allir útvegsmenn þar hafa verið boðaðir til, samþykkt um notkun beitu og sparnað á henni, og bindur þá slík samþykkt alla útgerðarmenn í verstöðinni, er ráðherra hefur staðfest hana.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða hámarksleigu fyrir verbúðir.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar og samþykktum, settum samkvæmt henni, varða allt að 50000 króna sekt til ríkissjóðs.

10. gr.

Til aðstoðar verðlagsyfirvöldum við ákvörðun verðlags á viðgerðum á skipum, vélum, veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum, skipar ráðherra að fengnum tillögum frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands tvo fulltrúa með þekkingu á útvegsmálum og skipaviðgerðum.

Fulltrúar þessir hafa atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlagsákvæðanir á útgerðarvörum og skipaviðgerðum.

11. gr.

Meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins samkvæmt 1.—4. gr. er í gildi, mega vextir af rekstrarlánum útgerðarinnar og þeirra fyrirtækja, sem vinna úr sjávarafurðum til útflutnings ekki vera hærri en 4%, enda fari lánin ekki yfir 85% af ábyrgðarverðinu.

12. gr.

Nú verður ekki fyrir lok febrúarmánaðar 1950 sett löggjöf, er leysi til frambúðar rekstursvandamál bátaútvegsins, að dómi ríkisstjórnarinnar, þá framlengist gildi laga þessara, þar til slík löggjöf verður sett, þó ekki lengur en til 15. maí 1950, og hækkar þá framlag ríkissjóðs samkvæmt 5. gr. um kr. 2 500 000.00.

13. gr.

Til þess að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkissjóðs, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir, til 1. marz 1950, skulu ákvæði III. kafla laga nr. 100/1948 um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, gilda til ársloka 1950, að undanteknum

14. gr.

Komi ákvæði 12. gr. til framkvæmda, er ríkisstjórninni heimilt að innheimta söluskatt samkvæmt 21. gr. laga nr. 100/1948 með allt að 30% af tollverði allrar

innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og fram hefur komið í yfirlýsingum þeim, er forsætisráðherra hefur gefið f. h. ríkisstjórnarinnar, er nú unnið að því á hennar vegum að undirbúa heildartillögur, sem að því miða m. a. að gera bátaútveginum fært að starfa á heilbrigðum grundvelli, í stað þess að framleiðslu þessari sé haldið uppi með styrkjum úr ríkissjóði.

Á það hefur jafnan verið lögð höfuðáherzla af fulltrúum bátaútvegsins, síðan verðbólgan færðist í aukana, að gerðar væru ráðstafanir af hálfu þings og stjórnar til þess að þeim yrði kleift að byggja atvinnu sína á viðunandi starfsgrundvelli.

Í samþykktum aðalfundar Landssambands íslenskra útvegsmanna undanfarið hefur þetta sjónarmið jafnan verið haft á oddi, þótt um leið hafi verið gerðar aðrar kröfur, svo sem um ábyrgðarverð o. fl., meðan öðrum ráðum yrði ekki við komið.

Framleiðslukostnaður flestra sjávarafurða er nú svo sem kunnugt er miklu hærri en erlent markaðsverð þeirra. Við þetta bætist fallandi verðlag á sumum þessum afurðum, og er því ljóst, að stórt átak þarf til þess að fá þessum málum komið í það horf hér heima fyrir, að unnt sé að halda áfram framleiðslu sjávarafurðanna, án meðgjafar úr ríkissjóði, og þar með tryggja atvinnu almennings á hagkvæman hátt.

Það er lausn þessa vandamáls, sem ríkisstjórnin leitar nú eftir með ráði beztu manna. Mun hún kappkosta að leggja niðurstöður sínar fyrir Alþingi svo fljótt sem þess er kostur. Vitanlega er hér um slíkt stórmál að ræða, að ríkisstjórnin verður að vanda sem bezt til undirbúnings þess, áður en það er lagt fyrir Alþingi. Þessum undirbúningi miðar nú vel áfram.

Þótt allur hæfilegur hraði verði við hafður á meðferð þessa máls, bæði hjá ríkisstjórninni og Alþingi, þykir sýnt að verja þurfi svo miklum tíma í athugun og afgreiðslu þess, að ekki tjái að láta hjá líða að gera til bráðabirgða nauðsynlegar ráðstafanir til að gera bátaflotanum fært að hefja veiðar nú þegar, í stað þess að hann bíði þeirrar heildarúrlausnar, sem að er stefnt. Af þessum ástæðum er þetta frumvarp fram komið.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til, að til febrúarmánaðarloka sé tekin ábyrgð á blautfisksverði bátaflotans og hliðstæðar ráðstafanir gerðar, vegna hraðfrystihúsanna og saltfiskverkunar, þeim, er áður hafa tíðkast, síðan farið var út á þá braut að veita stuðning ríkisins til þess reksturs, er hér um ræðir, með því að tryggja aðilum ákveðið verð fyrir fiskinn.

Verðbreytingar þær, sem í frumvarpinu greinir, frá því sem ákveðið var í lögum s. l. ár, byggjast á breyttum aðstæðum við þennan rekstur, hvað kaupgjald og rekstrarvöruverðlag snertir. Er þar gengið svo langt til móts við kröfur útvegsmanna sem fært þykir.

Ríkisstjórnin telur það fært og vill leggja á það höfuðáherzlu, að Alþingi lögfesti fyrir lok febrúarmánaðar þau úrræði til frambúðar í þessu efni, sem hún mun bera fram, og ætlast þar af leiðandi ekki til, að þörf verði fyrir bráðabirgðaráðstafanir þær, er hér um ræðir, lengur en til 1. marz.

Ef Alþingi hins vegar gegn vonum ríkisstjórnarinnar hefur ekki fallizt á tillögur hennar eða samþykkt aðra frambúðarlausn fyrir 1. marz, hefur ríkisstjórnin til öryggis gert ráð fyrir framlengingu þessa bráðabirgðaástands til vetrarvertiðarloka, enda falli bráðabirgðaráðstafanir úr gildi hvenær sem er á þessu tímabili, þegar heildarlöggjöf verður sett um þessi efni, sem gerir þær ráðstafanir ónauðsynlegar.

Sá varnagli er hér sleginn, að fiskábyrgðin framlengist til vetrarvertíðarloka, ef heildarráðstafanirnar fást ekki lögfestar í tæka tíð. Í viðræðum, er fram hafa farið milli ríkisstjórnarinnar og fulltrúa útvegsmanna að undanfögnu, hefur það komið greinilega fram, að þeir telja sér engan veginn fært að hefja útgerð með tveggja mánaða ábyrgð eina að bakhjalli, án þess að um leið sé gert ráð fyrir framhaldi ábyrgðarinnar til loka vertíðar, ef heildarlöggjöf um þessi efni hefur ekki verið sett fyrir lok febrúarmánaðar eða síðar á þessu tímabili.

Þessar bráðabirgðatillögur hniga aðeins að því að leysa vanda bátaútvegsins. Er þó svo komið hag togaraútvegsins að flestir hinna eldri togara hafa nú um langt skeið verið bundnir við festar sakir undangengins hallarekstrar, en nýju togararnir berjast nú í bökkum, þeir, sem skársta hafa afkomuna. En svo sem að framan greinir væntir ríkisstjórnin þess, að Alþingi samþykki hið allra bráðasta endanlega skipan þessara mála, er rétti hlut allrar útflutningsframleiðslu landsmanna.

Um 1. gr.

Verð það, sem ákveðið er í þessari grein, er kr. 0.10 hærra en það, sem gildi á árinu 1949. Á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, sem haldinn var fyrri hluta desembermánaðar, gerðu útvegsmenn kröfu til þess, að fiskverð yrði ákveðið kr. 1.04 pr. kg fyrir árið 1950. Ríkisstjórnin hefur síðan athugað gaumgæfilega þau gögn, sem fyrir liggja um afkomu bátaútvegsins, og eru niðurstöður þeirra athugana þær, að ef miðað er við það verð, sem í gildi var á árinu 1949, muni ekki verða hjá því komizt að tryggja bátaútveginum kr. 0.75 pr. kg. Þó visast í þessu sambandi til þess, sem segir um 5. gr.

Um 2. gr.

Frystihúseigendur hafa einnig snúið sér til ríkisstjórnarinnar með kröfur um hækkað verð fyrir framleiðslu sína. Miðað við sama hráefnisverð og var árið 1949, gera þeir kröfu til þess, að verð á þorsklökum verði hækkað úr kr. 1.33 í kr. 1.56½ pr. lb. Eftir nána athugun, sem fram hefur farið á auknum kostnaði við þessa framleiðslu, telur ríkisstjórnin, að þetta verð ætti að verða kr. 1.39½ pr. lb.

Sé hins vegar miðað við hækkað hráefnisverð, eins og gert er ráð fyrir í 1. gr. frumvarpsins, hækkar verð þetta í kr. 1.53.

Um 3. gr.

Hækkun sú, sem gert er ráð fyrir á saltfiskverðinu úr kr. 2.25 í kr. 2.48 pr. kg, stafar af hækkun hráefnisverðsins, þar sem ætlað er, að lækkun á saltverði muni vega upp hækkun á vinnslukostnaði.

Um 5. gr.

Í 5. gr. dýrtíðarlaganna frá 1949 voru ætlaðar 5 millj. kr. til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða. Var fé þessu varið til greiðslu á tryggingariðgjöldum bátaflotans. Talið er nauðsynlegt að verja enn nokkurri upphæð í þessu skyni.

Upphæð sú, sem hér er gert ráð fyrir, svarar því sem næst til þess hluta af aflamagninu, sem áætlað er, að geti komið á tímabilið janúar—febrúar.

Framlengist gildi laganna til miðs maí, sbr. 12. gr., þá hækkar framlag ríkissjóðs hlutfallslega upp í kr. 3 500 000.00.

Ráðstafanir þær, sem 1., 2., 3. og 5. gr. frumvarpsins gera ráð fyrir, hafa í för með sér aukinn kostnað fram yfir það, sem var á árinu 1949.

Aflamagnið á tímabilinu janúar—febrúar er áætlað 23000 smál., og sé gert ráð fyrir sömu hlutfallslegu skiptingu á því, eftir verkunaraðferðum, og var á árinu 1949, mun aukinn kostnaður nema kr. 6 170 000.00. Miðað við sama aflamagn hefði sá hluti fiskábyrgðarinnar, sem komið hefði á fyrrgreint tímabil á árinu 1949 numið kr. 5 400 000.00.

Alls nemur því áætlaður kostnaður af ráðstöfunum þeim, er hér um ræðir og eiga að ná yfir tímabilið 1. jan. til febrúarloka kr. 11 570 000.00.

Sé miðað við alla vetrarvertíðina og aflamagnið áætlað 86 þús. smál., næmi viðbótarkostnaður alls kr. 21 400 000.00, en sá hluti fiskábyrgðarinnar, sem komið hefði á þetta tímabil árið 1949, hefði numið kr. 20 200 000.00, miðað við óbreytt verðlag.

Samkvæmt framansögðu virðist því verða að gera ráð fyrir, að með þeim breytingum á verðlagi, er um ræðir í þessu frumvarpi, yrði kostnaðurinn alls til vertíðarloka kr. 41 600 000.00.

Um 6.—11. gr.

Ákvæði þessara greina eru að efni til samhljóða ákvæðum 7.—12. gr. laga nr. 100 1948 og þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Fulltrúar útgerðarmanna hafa í viðræðum sínum við ríkisstjórnina gert þá ófrávikjanlegu kröfu fyrir því að útgerð hæfist í byrjun janúarmánaðar, að afkoma bátaútvegsins yrði tryggð til vertíðarloka. Þar sem ríkisstjórnin telur eftir atvikum, að ekki verði hjá því komizt, að taka þessa kröfu útgerðarmanna til greina, þá er svo ráð fyrir gert í 12. gr. frumvarpsins, að gildi laganna framlengist þar til ný heildarlöggjöf hefur verið sett um þessi mál, þó ekki lengur en til 15. maí n. k. Jafnframt er þá hækkað framlag ríkissjóðs samkvæmt 5. gr. um 2.5 millj. króna. Um aths. við þessa grein vísast að öðru leyti til þess, sem sagt er í aths. við 14. gr.

Um 13. gr.

Talið er, að fjárhæð sú, er ríkissjóður tekur að sér að ábyrgjast til 1. marz 1950, nemi 11.5 millj. króna, ef allt kæmi jafnskjótt til útflutnings, sem framleitt er á þessum tíma. Samkvæmt vengu er lítið flutt út af bátafiski mánuðina janúar og febrúar, og má því ætla, að aðeins lítil hluti ofangreindrar fjárhæðar falli til greiðslu vegna útflutnings þessa mánuði. Lagt er til, að framlengja III. kafla laga nr. 100/1948, og er gert ráð fyrir, að tekjur af leyfisgjöldum samkvæmt 30. gr. laganna standi straum af fiskábyrgðinni til 1. marz. Tekjur af gjöldum þessum voru á síðasta ári um 8 millj. kr., þegar frá eru dregin gjöld af heimilistækjum. Verða þessar tekjur eftir atvikum að teljast nægilegar til 1. marz. Þótt framlenging laganna sé bundin við árslok 1950, telur stjórnin sjálfsagt, að það ákvæði verði tekið til athugunar, þegar séð verður hversu miklu nemur skuldbinding ríkissjóðs til 1. marz. Ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar, að suma af þessum tekjuliðum ætti að fella úr gildi hið allra bráðasta, og er þá einkum átt við varahluti í bifreiðar og bifreiðagúmmí.

Um 14. gr.

Ríkisstjórnin væntir þess, að Alþingi samþykki varanlegar ráðstafanir í dýrtíðarmálunum fyrir 1. marz, svo að ákvæði 12. gr. komi ekki til framkvæmda og þá ekki heldur ákvæði 14. gr. En þrátt fyrir þetta hefur ríkisstjórnin þó talið sér skylt að benda á tekjustofna til að standa undir fiskábyrgðinni til 15. maí, ef Alþingi gegn vonum stjórnarinnar neitar að fallast á þær úrlausnir, er stjórnin mun bera fram varðandi dýrtíðarmálin, til þess þannig að forðast að það hendi, að ríkissjóði verði bundnir baggar fiskábyrgðarinnar, án þess að tryggðar séu tekjur til að standa undir þeim.

Komi ákvæði 12. gr. laganna til framkvæmda, þarf ríkissjóður að fá tryggðar tekjur vegna ábyrgðarinnar, er nemi 42 millj. kr. Lagt er til, að söluskatturinn samkv. 21. gr. laga nr. 100/1948 hækki mjög verulega, þannig að í stað þess að þessi skattur er nú innheimtur með 6%, þá sé hann frá 1. marz innheimtur með allt að 30%. Nokkrar undanþágur eru frá skattinum í 23. gr. nefndra laga og má áætla, að undanþágurnar nái til um 50—60 millj. kr. af heildarinnflutningi. Frá 1. marz mætti því áætla,

að skatturinn legðist á um 200 millj. kr. innflutning og þyrfti þá að hækka núverandi söluskatt upp í 27%. Lagt er til, að ákveða megi skattinn samtals allt að 30%. Er þá gert ráð fyrir, að tekjurnar geti staðið straum af verðbótum á þann bátafisk, sem til er í landinu 1. marz, og á þann fisk, sem aflagast til 15. maí 1950.

Stjórnin telur ástæðu til að taka fram, að þessi mikla hækkun á söluskattinum er í rauninni beinn gjaldeyrisskattur, en alls ekki rétt mynd af þeirri skiptingu byrðanna á þjóðfélagsþegnana, sem fram mun koma í tillögum stjórnarinnar til varanlegra úrbóta.